

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 128/1108*  
*komudagur 19.2.2003*

*Nefndasvið Alþingis,*  
*Austurstræti 8 – 10,*  
*150 Reykjavík*

*18. febrúar 2003*

*Varðar: Umsagnir Hitaveitu Suðurnesja hf umframlögð lagafrumvörp.*

*Meðfylgjandi eru umsagnir Hitaveitu Suðurnesja hf um eftirtalin lagafrumvörp:*

- Frumvarp til raforkulaga.*
- Frumvarp um breytingu á ýmsum lögum á orkusviði.*
- × • Frumvarp til laga um Orkustofnun.*
- Frumvarp til laga um Íslenskar orkurannsóknir.*
- Frumvarp til laga um vatnsveitur sveitarfélaga.*

*Virðingarfyllst,*

*F.h. Hitaveitu Suðurnesja hf*

---

*Júlíus Jónsson*  
*forstjóri*

## **Frumvarp til laga um Orkustofnun**

### **Gerð er athugasemd við 8. gr. frumvarpsins.**

Greinin fjallar um greiðslu framkvæmdaraðila á kostnaði Orkustofnunar við rannsóknir og áætlanagerð áður en honum er veitt virkjunar- eða nýtingarleyfi. Tiltaka þarf í greininni að um sé að ræða þann kostnað sem sá annanlega nýtist framkvæmdaraðila og sá er ekki hluti af almennum grunnrannsókum sem ríkinu ber að kosta.

### **Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum sviðum á orkusviði.**

Óskað er eftir að í V. kafla frumvarpsins verði gerð breyting á 4. gr. laganna (nr. 10 19. mars 2001) þannig að 1. mgr. verði svohljóðandi: “ Tilgangur Hitaveita Suðurnesja hf. er vinnsla og nýting jarðvarma, vatns og hvers konar annarra orkuauðlinda, .....

### **Skýring:**

Í tilgang fyrirtækisins er bætt vatni til að taka af öll tvímæli vegna núverandi reksturs vatnsveitu í Vestmannaeyjum svo og hugsanlegrar frekari samvinnu við aðra eigendur fyrirtækisins. Slík breyting væri til samræmingar við 2. gr. laga nr. 139 frá 21. desember 2001 um Orkuveitu Reykjavíkur og lög nr. 159 frá 20. desember 2002 um Norðurorku.

Engar aðrar athugasemdir eru gerðar við efni þessa frumvarps.

### **Frumvarp til laga um Íslenskar orkurannsóknir.**

Skv. frumvarpinu er gert ráð fyrir að Íslenskar orkurannsóknir sé sérstök ríkisstofnun sem heyrir undir yfirstjórn iðnaðarráðherra. Frumvarpið gerir ráð fyrir að Íslenskar orkurannsóknir starfi á viðskiptalegum grundvelli á samkeppnismarkaði og afli sér tekna með sölu á rannsóknum, ráðgjöf, þjónustu og upplýsingum eða öðrum verkefnum á starfssviði stofnunarinnar. Þar sem Íslenskum orkurannsóknum er ætlað að starfa á samkeppnismarkaði er lagt til að rekstrarformið verði á sviði einkaréttar en ekki opinbers rekstrar.

Júlíus J. Jónsson  
forstjóri